

## Fundargerð 163. Fundar stjórnar VM

Fundur haldinn föstudaginn 8. apríl 2022 kl. 11:00 í VM húsinu, Stórhöfða 29.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinsson formaður, Snæfríður Einarsdóttir, Pétur Freyr Jónsson, Einar Sveinn Kristjánsson, Kristmundur Skarphéðinsson, Sigurður Gunnar Benediktsson, Tinna Magnúsdóttir og Helgi Már Sigurgeirsson.

Fjarfundur: Agnar Ólason

### 1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 162

- Fundargerð frá síðasta stjórnarfundum er ekki tilbúin og ákveðið að fresta undirritun hennar að sinni. Umræða um skráningu eigna í bókhald.

### 2. Skýrsla formanns og staða kjaramála.

- Formaður segir frá Kjaraviðræðum við SFS. Tvö og hálf ár eru síðan samningar urðu lausir við SFS. Þeir hafa lofað að koma með tilboð til sáttasemjara á fundi næstkomandi mánudag. Formaður segir frá því að verið sé að senda út könnun í formi spurningalista til félagsmanna VM varðandi áherslur í næstu kjarasamningum.
- Formaður fer yfir stöðuna innan ASÍ. VM er með beina aðild að ASÍ ásamt MATVIS, Flugfreyjufélagið og félag leiðsögumanna. Önnur félög eiga aðilda í gegnum landssambönd. Innan ASÍ eru deilur eins og hefur komið fram í fjölmiðlum. Nafn formanns RSÍ hefur verið nefnt í tengslum við framboð til forseta ASÍ en kosið verður í haust. Formaður Eflingar kemur inn á næsta miðstjórnarfund ASÍ sem áheyrnarfulltrúi.
- Umræða um stöðu kjaraviðræðna við SFS og að verið sé að bíða eftir fundi með þeim næsta mánudag. Spurt var hver sé ávinningurinn af því að vera innan ASÍ. formaður fer yfir sögu VM innan ASÍ. Kosturinn við að vera innan ASÍ er sá að við fáum þjónustu lögfræðinga og hagfræðinga. Meiri slagkraftur í fjöldanum.
- Umræða um samstarfið innan 2F og veru VM í ASÍ. Ríkisstjórnin ætlaði að bæta atriði eins og keðjuábyrgð, kennitöluflokk, aðbúnað erlendra starfsmanna, vaxtamál, húsnæðismál. ASÍ hefur samningsumboð hvað varðar lífeyrismál fyrir sín aðildarfélög. Félagsmenn VM sem vinna í landi vilja prósentuhækkningar.
- Umræða um hvort VM sé verra sett utan ASÍ. Rætt um 20-25 milljónir sem VM greiðir inn í ASÍ og umræða um hvernig það er reiknað út. Bent á kosti þess að sjómannafélögin standi saman utan ASÍ. Umræða um hvort það þurfi að skipta um forystu innan ASÍ.
- Umræða um ISAL kjarasamning og trúnaðarráð. Aðaltrúnaðarmaður ISAL fékk mótframboð í trúnaðarráð.
- Formaður stjórnar kynnis nemastofu atvinnulífsins sem búið er að setja á fót sem lðan heldur utan um. Nemastofa á að styðja við vinnustaðanáám í iðngreinum. Spurt var hvort þetta eigi við um nema um borð í skipum. Ekki búið að taka ákvörðun hvað



Það varðar. Umræða um ferilbók vegna nema á sjó. SFS og VM eiga eftir að semja um töku nemenda um borð. Meðan nemandi er um borð þarf yfirvélstjóri að vera vaktfrír. Sumir töldu ríkisvaldið borgar þetta nám í Danmörku og Noregi eins og annað starfsnám.

- Fundur hjá fulltrúaraði Gildis lífeyrissjóðs um töflur varðandi lífslíkur fólks, nú á að fara að horfa til spádóms um framtíðarlífslíkur en ekki horfa aftur í tímann. Spáin segir að 2005 árgangurinn verði 2-3 árum eldri en eldri árgangar. Birta gerir ráð fyrir að lífeyristökualdur fari í 70 ár en Gildi ætlar að miða við 67 ár. Skerðingar verða aldurstengdar. Þessar töflur eru inn á heimasíðum Gildis og Birtu. Ætlum að koma á fundi um lífeyrismál á vegum VM og fá fulltrúa frá landssambandi lífeyrissjóða til að ræða lífeyristökualdur. Aðalfundur Birtu er í maí en Gildir heldur aðalfund 28. apríl. Stefnt að því að halda fund um lífeyrismál innan VM þann 25. Apríl nk.
- Haft var samband við formann og hann beðinn um að bera kistu manns að nafni Helgi Ásgeirsson sem væri ný látinn. Þessi maður átti föður sem var járníðnaðarmaður. Hann vildi að félag járníðnaðarmanna myndi erfa hann þ.e. VM í dag. Þetta er ein milljón í peningum og skuldlaus íbúð á Njálsgötu 5. Formaður leggur til að íbúðin að Njálsgötu verði leigð til flóttamanna til að byrja með. Samþykkt.
- Formaður segir frá norrænu samstarfi sem VM hefur tekið þátt í, ráðstefnu í Helsinki 2. og 3. maí og segir frá ráðstefnu IndustriAll í Stokkhólmi 24.-25. maí hjá stéttarfélagum iðnaðarmanna á norðurlöndum.

### 3. Kosningar, skipanir og tilnefningar.

#### a) Varaformaður.

- Formaður telur mikilvægt að menn hafi innsýn inn í félagið til að taka að sér varaformannssæti. Sigurður Gunnar gefur kost á sér og skrifleg kosning fer fram. Rétt kjörin varaformaður er Sigurður Gunnar með 9 atkvæði.

#### b) Fulltrúa í sjúkrasjóð.

- Formaður VM er skyldaður til að vera í stjórn. Það þarf að kjósa einn fulltrúa stjórnar í stjórn sjúkrasjóðs. Tillaga formanns um að Kristmundur taki það að sér. Samþykkt.

#### c) Orlofsnefnd.

- Orlofsnefnd er skipuð á fyrsta fundi eftir stjórnarkjör. Formaður VM er skyldaður að vera inni. Guðmundur kynnir tillögu að skipun í stjórn þ.e. Samúel, Ingvason, Jón Jóhannsson, Guðni Gunnarsson, Einar Sveinn Kristjánsson, Sigurður Jóhann Erlingsson auk formanns VM. Tillagan samþykkt.

#### d) Fulltrúaráð Sjómannadagsráð.

- Formaður kynnir tillögu að aðal- og varamönnum í sjómannadagsráði. Það þarf að skipta um einn aðalmann og tvo varamenn. Hann hefur lagt áherslu á að fá yngri menn inn í ráðið og að biðja menn um að hætta áður en þeir ná 80 ára aldri. Umræða um að breyta þurfi lögum sjómannadagskráðs og hlutverki



sjómannadagsráðs en þau reka Hrafnistuheimilin á höfuðborgarsvæðingu og víðar. Tillagan samþykkt.

**e) Golfnefnd**

- Það sátu þrjú menn í golfnefnd. Tveir eru búnir að segja af sér en þriðji maður vill halda áfram. Tveir hafa lýst yfir áhuga á að sitja í nefndinni. Spurt var um á hvaða stöð nefndin byggir og hvernig hún varð til. Guðmundur segir að nefndin hafi verið stofnuð 2009 og fer yfir söguna fram til dagsins í dag. Hlutverk nefndarinnar er að skipuleggja golfmót einu sinni á ári. Samþykkt var að starfsmaður VM í nefndinni sæi um að skipa í hana.

**f) Launanefnd**

- Hlutverk launanefndar er að gera tillögu um laun formanns og framkvæmdastjóra og bera undir stjórn. Formaður kom með tillögu og var hún samþykkt.

**4. Orlofsmál. Laugarvatn, Einarstaðir, Dalbúar.**

- Tillaga um að starfsmaður VM fái heimild til að fá tilboð. Tillaga um að formaður fái að undirrita endurnýjaðan samning við GD samþykkt. Gerð var athugasemd við að menn fái afslátt út á félagskírteini en þau eru ekki virk lengur. Mönnum hefur bara verið trúað og þeir hafa ekki þurft að sýna félagskírteini. Umræða um að VM gefi út félagskírteini og í hvaða tilgangi megi nota þau.

**5. Önnur mál.**

- Fulltrúaráðsfundur Gildis – lífeyrissjóðs frá 6. apríl 2022. Formaður bendir á heimasíðu Gildis.
- Röng félagsaðild -skýrsla Vörðu. Formaður kynnir skýrsluna sem aðgengileg er á innri vef VM.
- Formaður segir frá tilboði um námskeið frá fyrirtækinu GCG sem ber heitið „Ákvarðanataka á grundvelli Samstöðu“. Stjórnarmenn kynna sér málið áður en það verður tekið til formlegrar afgreiðslu innan stjórnar.
- Fundardagatal. Næsti fundur fimmtudaginn 19. maí kl. 11. Frá og með ágúst 2022 fram að jólum verða haldnir stjórnarfundir einu sinni í mánuði þriðja fimmtudag í hverjum mánuði.
- Stefnumótunarvinna og umræða um Attentus skýrslu og tölvumál. Stjórnarmenn fá tölvukaupastyrk.
- Umræða um að kalla saman samninganefnd félagsins fyrir sumarið til að móta stefnu.
- Spurt um stöðuna á S29. Spurt um hvort afsal sé tilbúið. Það er í ferli að sögn formanns. Farið yfir kostnað við framkvæmdir við S29 og vísað í fundargerð í



**VM** Félag vélstjóra og málmæknimanna

sambandi við það. Beðið um að fá sundurliðun á kostnaði á næsta fundi. Sigurður les upp úr fundargerð nr. 145 hvað þetta varðar.

- Umræða um að fá fundargerðir 2F.
- Fá samstarfssamninginn við 2F og rekstraráætlun 2F.

Fundi slitið kl. 15:00.